

Föstudaginn 30. maí 1958.

Nr. 34/1958. **Árni P. Jónsson og Benedikt Guðmundsson**
 gegn
Aðalheiði Bergþóru Líkafrónsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Árni P. Jónsson og Benedikt Guðmundsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 úti-vistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1958.

Nr. 158/1957. **Hafþór Guðmundsson**
 (Kristinn Gunnarsson hrl.)
 gegn

Agnari Bogasyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefáns-son sakadómari.

Meiðyrða- og skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjadi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa:

1. að öll þau ummæli, sem stefnt var fyrir í héraði, verði dæmd ómerk,
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 50.000.00 í bætur fyrir miska, óþægindi, atvinnutjón og

fyrir röskun á stöðu og högum eða aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar,

3. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 250.00 til að standast kostnað af birtingu dómsniðurstöðu í Hæstarétti og dómsforsendna í héraði og Hæstarétti í einu blaði öðru en Mánudagsblaðinu,
4. að stefndi verði dæmdur til að birta dómsniðurstöðu Hæstaréttar ásamt dómsforsendum í héraði og Hæstarétti í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur, eftir að dómur er upp kveðinn í Hæstarétti, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, og
5. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda allan kostnað málsins fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Varakrafa:

að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Um 1. Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla ber að staðfesta.

Um 2. Eftir atvikum þykja bætur til handa áfrýjanda hæfilega ákveðnar af héraðsdómara kr. 5.000.00.

Um 3. Kröfulið þenna þykir mega taka til greina að fullu, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Um 4. Rétt þykir samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að skylda stefnda til að birta þenna dóm Hæstaréttar ásamt forsendum héraðsdóms í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir birtingu hæstaréttardómsins fyrir stefnda. En fallast má á það með héraðsdómara, að dagsektir verði eigi dæmdar.

Um 5. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hendi, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hinn áfrýjaða dóm undir Hæstarétt. Þykir því rétt

að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800.00.

Dómsorð:

Ákærði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og fébætur eiga að vera óröskuð.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði áfrýjanda, Hafþóri Guðmundssyni, birtingarkostnað samkvæmt framangreindu, kr. 250.00.

Stefnda er skylt að birta dóm þenna ásamt forsendum héraðsdóms í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins fyrir stefnda.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Hafþór Guðmundsson lögfræðingur, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. apríl 1956, gegn Agnari Bogasyni ritstjóra, Tjarnargötu 39, Reykjavík, vegna ummæla um stefnanda í tveim greinum, er birtust í „Mánudagsblaðinu“, sem út kom 9. apríl og 16. apríl 1956.

Ummæli þau, er stefnandi stefnir út af málinu, eru þessi:

Mánudagsblaðið 9. apríl: „Hér er um svo blygðunarlausa ósvífni að ræða, að furðu gegnir, þegar í hlut á doktor í lögum“. — — „Öll meðferð rukkara fyrirtækisins er svo fyrir neðan allt vel-sæmi, að slík fyrirtæki ættu að hugsa sig vandlega um, áður en þau láta hann fara fleiri kröfufærðir á hendur viðskiptavinum sínum“.

Mánudagsblaðið 16. apríl 1956: „Svarar grein blaðsins með tilhæfulausum og meiðandi dylgjum í garð viðskiptavinar fyrirtækisins, en ýkir svo í eyðurnar, eftir því sem bezt hentar og „ló frá víða“. eins og þar hermir“ „— — því ástæðulaust væri, að það fengi leitt orð á sig vegna misheppnaðs innheimtumanns“. — — „Og lýgur upp frá rótum atriði, sem aldrei hefur skeð, og

fáir mundu setja á prent, ef með fullu viti teldust“. — — „Nokkuð grannvitur, kemur heldur kjánalega fyrir sjónir og fær delusion of grandeur, þegar á hann er yrt hastarlega og sækir þá jafnan um opinberar stöður“. „og um praxis hans er það að segja, að aðalstarf hans er „rukkari“, þrátt fyrir doktorsnafnbótina, en hana ku sumir fá með andlegum afborgunum úti í Parísarborg“.

Stefnandi telur ummæli þessi stórlega móðgandi og meiðandi fyrir sig. Hefur hann gert þær dómkröfur:

að hin tilvitnuðu ummæli verði dæmd ómerk,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.000.00 í bætur fyrir miska, óþægindi, atvinnutjón og fyrir röskun á stöðu og högun,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 250.00 til að standast kostnað af birtingu dómsniðurstöður og forsendna dóms í einu öðru blaði en Mánudagsblaðinu,

að stefndi verði dæmdur til að birta dómsniðurstöðuna ásamt dómsforsendum í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur, eftir að stefnda hefur verið birtur dómurinn, að viðlögðum 100.00 króna dagsektum, og

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Tildrög máls þessa eru þau, að stefnandi, sem hefur málflutnings- og lögfræðistörf að aðalatvinnu, hafði til innheimtu kröfu fyrirtækis eins hér í bænum á hendur manni nokkrum í Keflavík. All nokkur kostnaður varð við innheimtu þessa, og voru framangreindar greinar í Mánudagsblaðinu ritaðar af því tilefni.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu þeim rökum, að fyrri grein blaðsins hafi eingöngu verið almenn gagnrýni á stefnanda vegna þess kostnaðar, sem hafi orðið við innheimtu stefnanda á umgetinni kröfu. Stefnandi hafi skilið grein blaðsins á verri veg en efni hafi staðið til. Tildrög síðari greinar blaðsins hafi verið svargrein stefnanda í dagblaðinu Vísi, er út hafi komið 9. apríl 1956, en í þeirri grein hafi stefnandi freklega móðgað stefnda. Stefnandi viðurkennir, að í umgetnum greinum blaðsins hafi að vísu verið nokkuð sterkt að orði komizt um stefnanda, en mótmælir því, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þessara skrifa blaðsins.

Fallast má á það með stefnanda, að framangreind ummæli séu

móðgandi og meiðandi fyrir hann. Ber því að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi orðið fyrir margs konar óþægindum vegna framangreindra skrifa Mánudagsblaðsins. Jafnframt séu greinar blaðsins mjög til þess fallnar að valda stefnanda hneisu og álitshnekki sem starfandi lögmanni.

Það þykist mega fallast á það með stefnanda, að hin umstefndu ummæli séu til þess fallin að baka honum álitshnekki og valda honum á þann hátt tjóni í starfi hans. Með hliðsjón af þessu og vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur af þessum sökum. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00.

Þá þykir samkvæmt 2. gr. 241. gr. hegningarlaganna bera að dæma stefnda til greiðslu kostnaðar við birtingu forsendna og niðurstöðu dómsins í opinberu blaði. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 150.00. Enn fremur þykir bera samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að dæma stefnda skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, en með hliðsjón af síðustu málsgrein fyrrgreinds lagaákvæðis verða dagsektir ekki dæmdar.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1.200.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði stefnanda, Hafþóri Guðmundssyni, fébætur að fjárhæð kr. 5.000.00.

Stefndi greiði stefnanda kr. 150.00 til að standast kostnað af birtingu dómsniðurstöðu ásamt forsendum í opinberu blaði.

Stefnda er skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda kr. 1.200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.